



ASKA Í ÖSKJU

Leirlistafélagið sýnir duftker í Listasal Mosfellsbæjar.

BLS. 2



VEISLA FYRIR AUGA OG EYRU Arkitektafélag Íslands stendur fyrir ýmsum skemmtilegum uppákomum í tengslum við HönnunarMarsinn.

BLS. 3

Fermingartilboð 2009



Betra BAK

Sjá nánar á www.betrabak.is

heimili & hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 21. MARS 2009



Í myndunaraflí hönnuða virðist stundum engin takmörk sett.

BLS. 3

SÉRSTAKIR STÓLAR



Whirlpool AWOD6730
1400 snúninga og 6kg ÞVOTTAVÉL með stafrænu kerfisvali, 6th Sense sem skynjar óhreinindi í vatni og flýtir þvottatíma, rafeindastýrðum kerfisveljara og hitastilli, stafrænni niðurtalningu og ullarkerfi. Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.

TILBOÐ
99.995

FULLT VERÐ 124.995



Whirlpool AWZ7465
6kg tviátta barkalaus PÚRRKARI með 6th Sense rakaskynjara, 2 hitastigum og köldum blástri. Íslenskur leiðarvísir.

TILBOÐ
89.995

FULLT VERÐ 119.995



ÞVOTTAVÉL MED ÍSLENSKU STJÓRNBORÐI OG ÍSLENSKUM LEIÐARVÍSI



Heimilistæki ht.is



● Forsíðumynd: Nordicphotos Getty Images Útgáfufélag: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000
Ritstjórar: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emillía Örlýgsdóttir emillia@frettabladid.is Auglýsingar: Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 Útlitshönnuður: Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Feringargjöfin í ár er Dúnsæng frá Dún og Fiður

Feringartilboð



DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004

LAGERSALA Á HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU

í lagerhúsnæði okkar
að Norðurhelli 10, Hafnarfirði

ALLAR VÖRUR MEÐ
50-90% AFSLÆTTI

Opið: Virka daga 12-18 - Laugardaga 10-16 - Sunnudaga 12-16

NYTT!

GJAFAVÖRUHORNIB

Mikið úrval af gjafavöru
frá Bröste og House-Doctor



broste
COPENHAGEN



house doctor

**TEKK
COMPANY**

Gluggar Hurðir innspnaðir, útspnaðir, velti og rennigluggar
ovalaburðir, lítlurðir, renniburðir

Íslensk framleiðsla
Íslensk hönnun
Viðhaldsfritt
Sérsmíði

www.solskalar.is
solskalar@solskalar.is
Sími: 514 4300 - Smíðastíll 10 - 210 Gefubæ

GLUGGAR & GARDHUS ehf

Frumnýndur í Kraumi

● Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttur vöruhönnuður frumsýnir stól sinn Visual Inner Structure á HönnunarMarsinum og sýnir að auki ýmis spennandi verk í búðarglugga Sævars Karls.

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir vöruhönnuður frumsýnir stól sinn, Visual Inner Structure, á Íslandi á HönnunarMarsinum. „Stóllinn er gamall stóll sem fær nýtt líf. Hann er framleiddur í takmörkuðu upplagi, tuttugu númeruðum eintökum. Þetta er ekki ný hönnun en verður sýnd í fyrsta skipti á Íslandi. Eintakið sem sýnt verður er númer 18 en síðustu þrjú eintökin eru enn óseld. Hinir stóllarnir hafa allir selst til útlanda, jafnvel alla leið til Argentínu,“ útskýrir hún.

Stóllinn verður sýndur í Kraumi í Aðalstræti en hann hefur hlotið athygli erlendis. „Stóllinn hefur verið sýndur víða um heim en sala á honum fór á skrið eftir einkasýningu mína í Toolsgalerie í París sem er umboðsaðili verka minna. Ég hef sýnt önnur verk mín á Íslandi, en þótt stóllinn hafi ekki verið sýndur hér áður hefur verið töluvert um hann fjallað í íslenskum tímaritum,“ segir Guðrún Lilja, ánægð með að taka þátt í HönnunarMarsinum. „Þetta skiptir máli og er vel að undirbúningi og framkvæmd staðið. Hingað er boðið fjölda blaðamanna sem stuðlar að kynningu og vitundarvakningu á íslenski hönnun hér og erlendis.“ Guðrún Lilja sýnir líka í sýningarglugga Sævars Karls ásamt hönnuðinum Sruli Recht. „Þar verð ég með fiðrildahillur og verkið Hraunblóm,“ segir hún og bætir við að vöruhönnuðir sýni í tómu rými og gluggum á Laugavegi og Bankastræti á HönnunarMarsinum.

- hs



„Ég verð með fyrirlestur í Þjóðminjasafninu föstudaginn 27. mars, klukkan 14, þar sem ný verk verða kynnt og ég ræði um framtíðarmöguleika í hönnun. Fleiri áhuga-verðir fyrirlestrar verða þar einnig.“ segir Guðrún Lilja.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETURA

Hanna duftker óháð trúarbrögðum

● Átján hönnuðir standa fyrir sérstæðri sýningu í Listasal Mosfellsbæjar um helgina.

Aska í öskju er yfirheiti duftkera-sýningar Leirlistafélagsins sem haldin verður í Listasal Mosfellsbæjar. Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir leirhönnuður er ein þeirra átján hönnuða sem sýna duftker sín á sýningunni.

„Lítill hefð er fyrir því hér á Íslandi að láta brenna sig í staðinn fyrir að jarða en það hefur þó fæst í aukana á síðustu árum,“ segir Ragnheiður sem lærði í Frakklandi þar sem ríkarí hefð er fyrir slíkum útförum. „Þar er mikið úrval af duftkerjum en hér á Íslandi er úrvalið lítið og flest eru þau innflutt,“ segir hún og bætir við að það hafi vakið áhuga hennar og félagar hennar í Leirlistafélaginu að búa til íslensk og falleg duftker. „Við ákváðum að búa til duftkerin burtséð frá trúarbrögðum og fólk gat því ráðið hvort það hafði sína trú til hliðsjónar eða ekki,“ segir Ragnheiður sem bjó meðal annars til duftker fyrir dýr. „Fólk binst dýrum sínum miklum tilfinningaböndum og er oft í vandræðum með hvað eigi að gera við þau þegar þau deyja. Mér fannst því tilvalið að koma til móts við það fólk.“

Ragnheiður býr þó einnig til



Ragnheiður prýðir kerin með ýmsum stytum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

duftker fyrir fólk en ólíkt mörgum öðrum eru kerin hennar ekki dökk og drungaleg. „Ég fór þá leið að vera mjög glaðvær enda er ég alltaf glöð sjálf,“ segir Ragnheiður sem notar lífliga liti í kerin og prýðir þau með ýmsum stytum.

En verður hægt að kaupa duftkerin? „Já, það verður hægt. Reyndar veit ég um eina sem er búin að taka frá sína hönnun fyrir sig og manninn sinn,“ segir Ragnheiður og hlær. Hún minnst á að helstu útfararstofum höfuðborgar-

svæðisins hafi verið boðið og því aldrei að vita nema íslensk duftker muni standa aðstandendum til boða á útfararstofum í framtíðinni. Sýningin er í tengslum við HönnunarMars á Laugavegi. Þar verða duftker til sýnis í nokkrum búðargluggum. Sýningin verður opnuð á laugardag og hljómsveitin Mojjo spilar milli 15 og 17. Hún stendur til 18. apríl og verður opin á afgreiðslutíma bókasafnsins, frá 12 til 19 á virkum dögum og 12 til 15 á laugardögum.

-sg



Stóll um stól frá stóli til stóls

• Ímyndunaraflí húsgagnahönnuða eru engin mörk sett eins og sést á þeim stólunum sem hér fylgja. Þyngdarafliinu er storkað og farið langt út fyrir kassann í útlitshönnun.

1. Hreiðurstóllinn eftir Charles Brill hefur unnið til ófárra verðlauna. Rauða línan stokkar skemmtilega upp hvíta litinn.

2. Ruggustóll eftir Mathias Koehler er mjög nýstárlegur, bæði í formi og framsetningu. Lesljósið kemur sér ágætlega.

3. Frank Gehry hannaði þennan

listræna stól en það er líkt og hann sé ofinn saman.


4. Zero Gravity er heitið á þessum stól frá Stokke sem virðist storka þyngdarafliinu. Bæði má liggja flatur í honum eða sitja á hnjúnum við borð eða aðra iðju.

5. Fuglastóllinn er fagur á að líta. Ekki er amalegt að hvíla sig



við fuglsbrjóst eftir annríkið.

6. Framtíð í stáli. Þessi framtíðarlegi stóll var hannaður af Piergiorgio Cazzaniga fyrir MDF Italia.



Anders, Olga og Theresa eru þakklát þeim sem styrkja tónleikana, það er Goethe Institut, Vola og Velfac. Nánar á honnunarmidstod.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Poppkorn og rauðvín

Víð erum í raun að opna fyrir almenningi dyrnar að okkar veruleika og sýna hann í sem allra víðustum skilningi," segir Theresa Himmer, sem stendur ásamt þeim Olgu Guðrúnu Sigfúsdóttur og Anders Nielsen, fyrir ýmsums uppkomum á vegum Arkitektafélags Íslands í tengslum við HönnunarMarsinn. Uppákomurnar eru að hennar sögn ólíkar en tilgangurinn sá að sýna arkitektúr í áhugaverðu ljósi. „Við verðum með kvikmyndahátíð í Norræna húsinu dagana 27. til 28. mars, þar sem sýndar verða heimildarmyndir í bland við leiknar kvikmyndir. Þá stendur félagið fyrir tónleikum í húsnæði Pikknikk við Grandagarð 8 fimmtudaginn 26. mars þar sem fram kemur þýska hljómsveitin Jeans Team sem skipuð er arkitekti og listamönnum. Hugmyndin er sú að bjóða gestunum að sjá borgina frá öðru sjónarhorni, ásamt því að njóta tónlistarinnar. Loks stöndum við fyrir skoðunarsiglingu á laugardaginn í næstu viku, þar sem siglt er frá Ægisgarði og inn í Hafnarfjörð og til baka. Þannig sýnum við borgina frá öðru sjónarhorni, af hafi úti, sem er nátegt sjálfmynd þjóðarinnar.“

-rve

OSRAM sparperurnar fást í næsta stórmarkaði eða byggingavöruverslun

www.osram.is



Sparaðu með
OSRAM sparperum.

- 80% orkusparnaður
- 6-15x lengri líftími
- umhverfisvænar


FRÍTT
SPARPERU-
BÆKLINGUR A
NÆSTA
SÖLUSTAD



SJÁDU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI

OSRAM

ÓREGLULEG SKÝ Ljósið Kumulus eftir sænska hönnuðinn Peter Nilsson varð til þegar hann nam hönnun við Växjö-háskólann í Svíþjóð. Þar var honum falið að skapa hlut sem hefði enga fyrirframskilgreinda lögun. Úr varð ljós sem Peter lýsir sem hrærigraut úr gleri. Ljósið sér hann fyrir sér í miðju herbergi eða öðru rými og líkir hann því við óreglulegt ský. Ljósið fæst hjá Belysningsbolaget í Svíþjóð. Sjá nánar á <http://www.belysningsbolaget.se/>



Stiginn er stór og flókinn að gerð.

Engin smásmíði


Stigarnir gerast vart glæsilegri en þessi, sem prýðir hús nokkurt í Kuala Lumpur og er hannaður af hönnunarfyrirtækinu Jouin Manku í París. Húsið, sem er innréttað af fyrirtækinu í samstarfi við arkitekta YTL Design Group, er engin smásmíði eða 3.000 fermetrar, sem rúma níu svefnherbergi, eldhús, bókasafn, leikherbergi, skrifstofu, borðstofu, sundlaug, tvö gestaherbergi, 21 baðherbergi og kapellu svo fátt eitt sé nefnt. Enda hýsir það hvorki meira né minna en þrjár kynslóðir.

hönnun

● **BLÚNDUDÚKUR VERÐUR AÐ HJÓLAKÖRFU** Með vorinu verður aftur hægt að ferðast um á reiðhjól. Til að hjólið nýttist sem best sem samgöngutæki er nauðsynlegt að hafa á því góða körfu.

Hjólakarfan Carrie eftir vörhönnuðinn Marie Louise Gustafsson er skemmtilega sumarleg og er framleidd í þremur litum: svörtu, hvítu og grænu. Karfan getur nýst á hjóli en einnig sem innkaupakarfa en axlaról fylgir töskunni. Karfan á einnig að geta nýst sem lítið borð í lautarferð. Hún kemur í flötum pakka og er svo smellt saman framan á hjóli. Hönnuðurinn segir munstur körfunnar sprottið út frá blúndudúkum ömmu sinnar sem hún útfærði í plast.

Nánar á www.designhouses-tokholm.com.



Þægindin í fyrirrúmi

Frábærir hvíldarsófar, stólar og tungusófar í miklu úrvali á frábæru verði, þrír litir í boði, alklæddir leðri. Hægt er að velja um vinstri eða hægri tungu, margar stærðir. Einnig góðir vinnustólar sem stuðla að réttri líkamsstöðu við vinnuna.



Passion, Góður lúr - gulli betri

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælalaust með bestu rúmakaupunum í dag. Dýnan bíður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt.

Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færast mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.

Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum af fótum og áklæði fyrir rúmin frá Passion



LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:
mán 10:00 – 18:00
fös 11:00 – 16:00
lau

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

